

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Reykjavík, 15. desember 2020
UST202003-061/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða úrgang. Nokkuð var um úrgang í geymslu á urðunarstaðnum, en ekki er heimild í starfsleyfi fyrir geymslu úrgangs á urðunarstaðnum.
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Við eftirlit var urðunarhólf opið og úrgangur ekki birgður.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem valdið geta mengun. Skráningar vegna t.l. 2. – 11. voru ekki tiltækar eða fullnægjandi við eftirlit.
4. Rekstraraðili skal skila eftirlitsaðila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Við eftirlit höfðu ekki borist fullnægjandi skráningar til eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar, 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Gottskálf Friðgeirsson